



RE: Fw: 1705001 - Deiliskipulag fyrir Skálholt í Bláskógabyggð, umsagnarbeiðni.

t-póstur

Málsnúmer: 2017120013

Bréfalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 22.01.2018

Dagsetning skjals: 18.01.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Pétur Ingi Haraldsson <petur@utu.is>

Frá: Trausti Baldursson/NI.IS

Dags: 18.01.2018 15:48:56

Til: Pétur Ingi Haraldsson <petur@utu.is>

Efni: RE: Fw: 1705001 - Deiliskipulag fyrir Skálholt í Bláskógabyggð, umsagnarbeiðni.

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá sveitarfélaginu Bláskógabyggð, dags. 19. desember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Skálholtsjörðina, 1500 ha svæði. Beðið er velvirðingar á því hvað það hefur dregist að svara erindinu.

Í deiliskipulagstillögunni er fjallað um flesta þá þætti sem skoða þarf við deiliskipulag á svæði eins og Skálholtsjörðinni þar sem saman kemur mikil saga, menningarminjar, landbúnaður þ.m.t. skógrækt, þéttbýliskjarni og að hluta tiltölulega ósnortið land þ.m.t. svæði á náttúruminjasrá nr. 764. Í deiliskipulaginu er almennt lögð áhersla á að vernda mikilvæg svæði bæði vegna menningarminja og náttúruminja. Það sem vantar að mati Náttúrufræðistofnunar er að vel hefði farið á því að nýta t.d. vistgerðakort af svæðinu, sem nú eru öllum aðgengileg, og taka saman hvaða vistgerðir þar væri að finna og síðan afmarka á korti, betur en nú er gert, hin ýmsu verndarsvæði, svæði sem til stendur að endurheimta sem votlendi (kafla 2.4) og skógræktarsvæði. Til dæmis eru upplýsingar um skógrækt misvísandi í texta með tillögunni en á einum stað, bls. 3, stendur að um sé að ræða svæði upp á 249 ha en á bls. 20 er nýrækt talin verða á 78 ha og á bls. 12 er talað um 87 ha. Gera má betur grein fyrir þessu m.t.t. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í umhverfisskýrslu er fjallað um gróður og dýralíf og þar komið inn á líffræðilega fjölbreytni. Ekki er beint fjallað um framandi tegundir né framandi ágengar tegundir. Almenn niðurstaða í kafla 5.9.3. er að t.d. skógræktarsvæði muni auka fjölbreytni dýralífs og það hafi jákvæðar afleiðingar. Fram kemur að engar rannsóknir hafi farið fram á dýralífi svæðisins. Á það skal bent að verndun líffræðilegrar fjölbreytni felst ekki í að fjölga tegundum heldur að reyna að viðhalda eins og kostur er upprunalegu og náttúrulegu lífríki landa sjá einnig 1. gr. laga um náttúruvernd. T.d. eru margar fuglategundir háðar ákveðnum búsvæðum og Ísland er mikilvægt fyrir margar þeirra m.a. tegundir sem nýta mólendi og votlendi. Það er því mikilvægt að horft sé til þessara þátta þegar svæði eru valin til nýtingar af einum eða öðrum toga.

Að öðru leiti vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Hér er ekki um mjög umfangsmikið svæði að ræða eða umfangsmiklar breytingar innan þess en engu síður mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvarnir og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á

náttúruna.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Pétur Ingi Haraldsson Sæll Trausti, Er í góðu lagi.

11.01.2018 14:45:58

From: Pétur Ingi Haraldsson <petur@utu.is>
To: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>
Date: 11.01.2018 14:45
Subject: RE: Fw: 1705001 - Deiliskipulag fyrir Skálholt í Bláskógabyggð, umsagnarbeiðni.

Sæll Trausti,

Er í góðu lagi.

*Með kveðju,
Pétur*

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita.

Dalbraut 12, 840 Laugarvatni
Sími: 480 5550
Netfang: petur@utu.is
Vefsíða: www.sbf.is

From: Trausti Baldursson [mailto:trausti@ni.is]
Sent: 11. janúar 2018 11:43
To: Pétur Ingi Haraldsson <petur@utu.is>
Subject: Re: Fw: 1705001 - Deiliskipulag fyrir Skálholt í Bláskógabyggð, umsagnarbeiðni.

Tilvísun í mál: 2017120013

Sæll Pétur, því miður höfum við ekki komist i að skoða þetta mál. Reyndu að fara í þetta

við fyrsta tækifæri, þ.e. öðru hvoru megin við helgina, vona að það sé í lagi.

kv.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS

Dags: 20.12.2017 10:05:50

Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS

Efni: Fw: 1705001 - Deiliskipulag fyrir Skálholt í Bláskógabyggð, umsagnarbeiðni.

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 20.12.2017 10:05 -----

From: Pétur Ingi Haraldsson <petur@utu.is>
To: "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>, "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "olb@vegagerdin.is" <olb@vegagerdin.is>
Date: 19.12.2017 15:37
Subject: 1705001 - Deiliskipulag fyrir Skálholt í Bláskógabyggð, umsagnarbeiðni.

Góðan dag

Meðfylgjandi er tillaga að deiliskipulagi fyrir Skálholtsjörðina og nær tillagan til allrar jarðarinnar sem er um 1.500 ha að stærð. Samkvæmt tillögunni eru m.a. afmarkaðir byggingarreitir fyrir byggingar tengdar Skálholtsskóla og vígslubiskupshúsi vegna þjónustu við ferðamenn auk endurskoðun lóða í Skálholtsbúðum. Þá er almennt hugað að skipulagi byggðar og búskaps, umhverfis, umferðar og gróðurs, bílastæði skilgreind og staðsetning Þorlákabúðar skoðuð. Einnig er afmarkað svæði fyrir skógrækt og endurheimt votlendis.

Er tillagan hér send eftirfarandi aðilum til umsagnar

- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Náttúrufræðistofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin

*Með kveðju,
Pétur*

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita.

Dalbraut 12, 840 Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: petur@utu.is

Vefsíða: www.sbf.is